

Umhverfis- og framkvæmdarráð Hafnarfjarðar.  
Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri.

Málefni: Tenging suðursvæða í Kaphelluhrauni.

Öllum er ljós sú umferðarhætta sem stafar af núverandi innkeyrslu af Reykjanesbraut inn á Geymslusvæðið. Með formlegu erindi til bæjarráðs í maí 2018 óskuðum við hjá Geymslusvæðinu eftir því að áætlanir um tengingu suðursvæða yrðu settar í framkvæmd. Við höfum síðan átt marga fundi, formlega og óformlega og reynt að ýta á málið. Á fundi með fulltrúum Vegagerðarinnar og Hafnarfjarðarbæjar, dags., 17da maí s.l., (sjá viðfest minnisblað) kom fram að allt er tilbúið að setja framkvæmdina í gang í upphafi næsta árs. Eina sem vantar er grænt ljós frá Hafnarfjarðarbæ.

Hér með er þess óskað að vegna öryggishagsmuna verði þessi framkvæmd sett á fjárhagsáætlun næsta árs.

Hafnarfirði 09.08. 2019.

Fyrir hönd Geymslusvæðisins ehf og annarra fyrirtækja á svæðinu;

  
Ingvar Guðmundsson  
Lögilltur fasteignasali  
Kt. 051195-2379

Hafnarfirði 17.05. 2019.

Fundur á skrifstofu Skipulags- og framkvæmdarsviðs Hafnarfjarðarbæjar vegna tengingu suðursvæða í Kaphelluhrauni. Mætt eru Bjarni Stefánsson og Svanur G. Bjarnason frá Vegagerðinni. Helga Stefánsdóttir frá Hafnarfjarðarbæ. Ástvaldur Óskarsson, auk undirritaðs frá Geymslusvæðinu ehf. Vísað er í minnisblað dags., 29.01. 2019 frá fundi fulltrúa Geymslusvæðisins, sviðsstjóra Skipulags- og framkvæmdarsviðs og bæjarstjóra Hafnarfjarðar sjá eftirfarandi:

*„Innkeyrsla af Reykjanesbraut inn á Geymslusvæðið. Vegagerðin hefur lagt fram ákveðnar tillögur að lausn og er tilbúin til að fara í framkvæmdir um leið og Hafnarfjarðarbær gefur grænt ljós. Um væri þá að ræða bráðaframkvæmd á grunni umferðaröryggis. Gert er ráð fyrir að tengja innkeyrsluna við mislæg gatnamót við Straum. Málið hefur verið skoðað innan stjórnýslunnar og ákveðið er að keyra það áfram eins og hægt er. Framkvæmdin er ekki innan fjárhagsáætlunar bæjarins fyrir 2019 en spurning hvað hægt er að gera vegna öryggis. Geymslusvæðið skal senda formlegt erindi til Umhverfis- og framkvæmdararáðs til að þrýsta á málið.“*

1. Frumhönnun liggur fyrir á landi Hafnarfjarðarbæjar og er kostnaðaráætlun um 200 milljónir.
2. Ekki er búið að eyrnamerkja fjármagn í framkvæmdina á þessu ári. Vegagerðin gerir þó ráð fyrir fjármagni í verkið á næsta ári, af liðnum „bætt umferðaflæði“. Hlutur Hafnarfjarðar er ekki á fjárhagsáætlun en vísa má í öryggissjónarmið, sbr., tilvitnun hér að ofan.
3. Helga Stefánsdóttir nefnir að skipulagsferli þurfi að fara í gang, en undirritaður fullyrðir að það sé ekki nauðsynleg forsenda framkvæmdarinnar, enda vísað í öryggissjónarmið. Fordæmið eru mislæg gatnamót við Straumsvík sem þurftu ekki formlegt skipulagsferli, áður en framkvæmdir fóru fram. Þessu álitu undirritaðs er ekki hnekk.
4. Athuga þarf hvort friðunarsjónarmið á svæðinu geti tafið framkvæmd og ætlar Helga að kanna það.
5. Fulltrúar Vegagerðarinnar ætla að láta ljúka verkhönnun strax, enda hönnunin langt á veg komin.
6. Það eina sem vantar er formleg ákvörðun Hafnarfjarðarbæjar (nefndir og bæjarstjórn) að setja framkvæmdina í gang.

Líta skal á ofanritað sem minnispunkta um fundinn, en ekki formlega fundargerð. Skjalið er sent til fundarmanna í tölvupósti og óskað eftir athugasemdum, ef rangt er farið með. Jafnframt er minnisblaðið sent á bæjarstjóra, sviðsstjóra Skipulags- og framkvæmdarsviðs og formann Umhverfis- og framkvæmdaráðs, Helgu Ingólfsdóttur.

Virðingafyllst;

Sign; Ingvar Guðmundsson.